

Innlent | mbl | 20.7.2011 | 10:10

Hanna virkjun í Georgíu



Áin Tergi í Georgíu.

Landsvirkjun Power og Verkís skrifuðu í síðustu viku undir samning við Dariali Energy Ltd. í Georgíu um verkhönnun, útboðshönnun, gerð útboðsgagna og deilihönnun við 109 MW vatnsaflsvirkjun þar í landi.

Samkvæmt upplýsingum frá Verkís verður virkjunin í ánni Tergi í Kákasusfjöllum nálægt rússnesku landamærunum í norðurhluta Georgíu. Um er að ræða rennslisvirkjun þar sem byggð verður stífla með yfirfalli, stöðvarinntak, sandgildra og 1,6 km langan veituskurð sem tengist í sex kílómetra löng aðrennslisgöng.

Göngin verða boruð með Robbins gangabor sem er sérstaklega ætlaður fyrir harðar bergtegundir. Við enda aðrennslisganganna verða um 300 metra löng, lóðrétt og stálfóðruð þrýstigöng sem tengd verða við þrjár Pelton túrbínur í neðanjarðar stöðvarhúsi. Vatninu er svo veitt aftur í ána Tergi í gegnum 200 metra löng frárennslisgöng. Hönnunarrennslisli verður 30-35 rúmmetrar á sekúndu og brúttó fallhæð er 390 metrar.

Vinna við undirbúning verkhönnunar hófst snemma í júlí, vettvangsrannsóknir eru í gangi og stefnt er að því að hefja gangagerð síðla hausts. Verið er að meta umhverfisáhrif og verður því lokið í haust en verkinu í heild á að ljúka árið 2014.

Landsvirkjun Power og Verkís hafa einnig gert samning við Georgíska fyrirtækið Peri Ltd. um að gerast undirverktaki við hönnunina. Að auki sér Geoengineering um jarðfræðirannsóknir og Geographic um landmælingar og kortagerð, en bæði fyrirtækin eru í Tblisi.

[Vefur Verkís](#)

[mbl.is/Árvakur hf.](http://mbl.is/Arvakur hf.) © 2011
Hádegismóum 2, 110 Reykjavík
sími 569-1100, símbref 569-1110
[Fréttadeild mbl.is](#) | [Tæknideild mbl.is](#)